

## Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna framkvæmda við hjólastíg við Mývatn-breyting á leiðarvali

Búið til	3.11.2022 13:33:56
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.11.2022 13:33:56
Tilheyrir	202210-0037 - Framkvæmdir við hjólastíg við Mývatn

### Efni

Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna framkvæmda við hjólastíg við Mývatn-breyting á leiðarvali

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	3.11.2022 13:33:56	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

### Innihald

Komdu sæl,  
Tilvísun í mál nr. 202210-0037.

Vísað er í tölvupóst frá Umhverfisstofnun, dags. 28. október, 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýjar teikningar af legu göngu- og hjólastígs milli Höfða og Óhappstjarnar við Mývatn.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað nýju tillöguna að legu göngu- og hjólastígsins og telur hana vera mikið til bóta miðað við fyrri tillögur og í anda ábendinga Náttúrufræðistofnunar sem komu fram í fyrri umsögnum um málið og á fundum. Það á einkum við um breytinguna við Geitabrekku sem mun hlífa jarðminjum, gróðri og búsvæðum fugla við töluverðu raski. Minni breyting er við Óhappstjörn enda lítið svigrúm þar til breytinga.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <[thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is](mailto:thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>  
**CC:**  
**Subject:** beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna framkvæmda við hjólastíg við Mývatn-breyting á leiðarvali  
**Date:** 28.10.2022 15:49:12

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Skútustaðarhrepp dags. 16. febrúar 2022 um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár vegna gerðar göngu og hjólastígs frá afleggjara að Dimmuborgum að hótél Gíg. Þann 18. október 2022 bárust síðan nýjar teikningar af legu stígsins á kaflanum milli Höfða og Óhappstjarnar.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmd þessa og breytingu á legu stígsins. Teikningar af nýja stígnum fylgja með í viðhengi. Umhverfisstofnun hefur áður borist umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 1. apríl 2022.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 4. nóvember 2022.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur, Advisor  
Svið náttúruverndar, Department for Nature Conservation



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is \(http://www.ust.is/\)](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer \(http://www.ust.is/disclaimer\)](http://www.ust.is/disclaimer)